



Reykjavík 4. mars 2025

Til Sveitastjórnar

Efni: Leitað eftir samstarfi

Samtökin Landsbyggðin lifi leita eftir samstarfi við sveitafélög í dreifbýli vegna þátttöku samtakanna í samstarfsverkefninu „**Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe**“. Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol. Verkefnið er unnið í samstarfi við Finnland, Svíþjóð og Danmörku og fellur vel að áherslum Norðurlandaráðs um þróttmikil og sjálfbær samfélög þar sem fólk vill búa og starfa.

Lykilatriði í verkefninu er að skapa vettvang fyrir **samtal milli íbúa og stjórnvalda**, þar sem stefnumótun um þróun byggðalaga hlýtur að byggjast á reynslu og þörfum heimamanna. Með því er hægt að tryggja að sveitarfélög þróist í takt við væntingar íbúa og aðlaðandi umhverfi sé til staðar fyrir nýja íbúa á öllum aldri, sem er lykilþáttur í að tryggja endurnýjun íbúa og sjálfbæra þróun til framtíðar.

Þátttaka í verkefninu mundi veita ykkur tækifæri til að deila reynslu og læra af samstarfsaðilum á Norðurlöndum um hvernig hægt er að efla búsetugæði, samþættingu nýbúa, lýðræðislega þátttöku og aðgengi að grunnþjónustu í dreifbýli.

Stefnan er að vinna með 3-5 sveitafélögum og mun vinnuframlag þeirra aðallega vera í formi funda þar sem fjallað verður um áskoranir og lausnir á viðkomandi stað. Niðurstöður þessara funda verða síðan notaðar til að leita leiða öllum hagsmunaaðilum til góðs.

Haldnir verða veffundir og málþing í öllum fjórum löndunum þar sem valin verða þau málefni sem brýnast þykja. Nordregio og Rannsóknarstofnun háskólans á Akureyri verða til ráðgjafar og munu aðilir frá þeim vera á málþingunum.

Landsbyggðin lifi voru stofnuð árið 2001 að hvatningu Hela Norden Ska Leva sem hagsmunasamtök til taka þátt í norrænu og evrópusku samstarfi og höfum við síðan tekið þátt í mörgum verkefnum, m.a. evrópska dreifbýlisþinginu ERP.

Við vonum að sveitarfélagið sjái tækifæri í þessu verkefni og hvetjum ykkur til að hafa samband.

Virðingarfyllt,

Hildur Þórðardóttir, formaður LBL, S. 692-1909

Stefanía V. Gísladóttir, varaformaður LBL, S. 866-2977